

RARIK ohf
Haraldur Jónatan Klausen
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2024
UST202411-054/A.B.
10.04.02

Efni: Ósk um umsögn - Strenglögn - Þórisdalur í Lóni - Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis RARIK ohf. er barst 6. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða strenglögn sem fer um landssvæði sem flokkað er sem aðrar náttúruminjar.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að plægja háspennustreng í Þórisdal og nágrenni í Sveitarfélaginu Hornafirði. Framkvæmdin er liður í endurnýjun dreifikerfis RARIK ohf. og í framhaldi verður loftlínan sem hefur þjónustað þetta svæði síðan 1974 rifin.

Áætlaður framkvæmdartími er frá maí til júlí 2025. Allir notendur á þessari leið, munu fá aðgang að þriggja fasa rafmagni, auk þess sem öryggi á afhendingu rafmagns eykst.

Fyrirhuguð strengleið er valin með tilliti til þess að valda sem minnstu raski á umhverfi.

Náttúruvernd og votlendi

Umhverfisstofnun telur að reynslan hafi sýnt að þegar plægt er í þurrki og plógfar jafnað eru ummerki fljót að hverfa, en verið er að fara um svæði sem er nokkuð viðkvæmt. Umhverfisstofnun telur að vöktunaráætlun framkvæmdar ætti að tryggja fullnægjandi frágang svæðis að framkvæmdum loknum.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sem er á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á að strengurinn liggur í eða í jaðri votlendis sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.¹ Umhverfisstofnun leggur áherslu á að votlendi sé ekki raskað við framkvæmdina og hugað sé að góðum frágangi eins og fjallað er um að ofan.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur